



Reykjavík, 12. ágúst 2011.

Ágæti nýnemi

Um leið og við bjóðum þig velkominn til náms við lagadeild Háskóla Íslands, bjóðum við þér á kynningarfund fyrir nýnema, **föstudaginn 26. ágúst n.k. kl. 15.00 í Háskólabíói**. Þar verður stuttur fundur með nýnemum Félagsvísindasviðs og mun forseti sviðsins, Ólafur Þ. Harðarson bjóða nemendur velkomna. Kynnt verður það helsta í þjónustu Háskólans við nemendur, svo sem náms- og starfsráðgjöf, aðstaða nemenda o.fl.

Að fundi loknum mun Lagadeild bjóða nýnemum sínum á sérstakan kynningarfund í sal 2 í Háskólabíói. Þar mun Róbert R. Spanó forseti lagadeildar ávarpa nýnema. Einnig mun deildarstjóri skrifstofu lagadeildar fara yfir hagnýt atriði varðandi námið og fulltrúi frá Orator félagi laganema mun kynna félagið.

Að fundi loknum munu mentorar úr hópi eldri nemenda ganga með nemendum í smærri hópum um háskólasvæðið. Finna má kynningu á mentoraverkefninu á meðfylgjandi blaði. Að því loknu býður Orator öllum nýnemum til grillveislu við Lögberg.

**Kennsla hefst mánudaginn 29. ágúst, og þennan dag hefst kennslan kl. 09.00.**

- Fyrstu fjórar vikurnar verður kennt námskeiðið Inngangur að lögfræði og verður próf í námskeiðinu strax að því loknu þann 24. september.
- Kennsla í Heimspekilegum forspjallsvísindum hefst föstudaginn 2. september.
- Kennsla í Almennri lögfræði hefst mánudaginn 26. september skv. stundaskrá.


**Notandanafn og aðgangsorð að Uglunni:** Nauðsynlegt er að hafa notandanafn og aðgangsorð að námsvef skólans, Uglunni. Upplýsingar um hvernig á að virkja aðgang að Uglu má finna á slóðinni: <https://ugla.hi.is/nk/nynemar/> Hvetjum við þig til að virkja aðgang þinn að Uglunni strax.

Við vekjum athygli þína á að skoða heimasíðu deildarinnar: [lagadeild.hi.is](http://lagadeild.hi.is), en þar má finna svör við algengum spurningum, stundatöflur og kennslualmanak. **Mjög mikilvægt er að þú lesir daglega póst sem sendur er á háskólanetfang þitt, því skrifstofa lagadeildar sendir allar mikilvægar upplýsingar til nemenda í tölvupósti.**

Nýnemadagar verða haldnir í Háskóla Íslands í upphafi misseris og hvetjum við nemendur til að kynna sér dagskrá þeirra á heimasíðu Háskóla Íslands.

Við óskum þér góðs gengis í náminu og hlökkum til að sjá þig á kynningarfundinum þann 26. ágúst.

Með bestu kveðju



Róbert R. Spanó  
forseti lagadeildar